

21. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 16. febrúar 2016 og hófst hann kl. 10:00

Fundinn sátu:

Jón Hrói Finnsson formaður, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu, Jóhannes Ingibjartsson aðalmaður og Ólafur Guðmundsson aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Laufey Jónsdóttir, Verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. 1410165 - Dalbraut 6 - greinargerð

Í erindisbréfi samráðshópsins er sundurliðað hvert eigi að vera hlutverk og helstu verkefni samráðshópsins. Farið var yfir þessi hlutverk og borið saman við drög að greinargerð til að skoða hvað eftir er að vinna.

Unnið með texta greinargerðar og uppsetningu.

Í kafla 5 í greinargerðinni er fjallað um þarfagreiningu og skýringar.

Þarfagreiningin liggur fyrir og verður sett inn í greinargerðina.

Óskað verður eftir að sviðsstjóri skipulags og umhverfis mæti á næsta fund samráðshópsins til umræðna um lóðarmál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:30.

Jóhannes Ingibjartsson
Ólafur Guðmundsson
Laufey Jónsdóttir